



Til ríkisstjórnar Íslands

## Skrifleg fyrirspurn um skuldabréfamálið á Íslandi

Í júní 2016 olli ríkisstjórn Íslands alþjóðasamfélaginu miklu uppnámi með því að tilkynna að þegar fjármagnshöft á Íslandi yrðu losuð síðar sama ár, þá yrðu erlendir fjárfestar – þar á meðal danskir – neyddir til að gefa upp á bátinn allt að 40% af verðmæti fjárfestinga sinna í erlendum skuldabréfum í íslenskum krónum; svonefndum „jöklabréfum“, sem samkvæmt Wall Street Journal voru gefin út fyrir um það bil 15 milljarða danskra króna fram að fjármálakreppunni árið 2008.

Ef erlendu fjárfestarnir höfðuðu þessu, þá kom sú furðulega krafa að peningar þeirra yrðu læstir á íslenskum reikningum með neikvæðum raunvöxtum (0,5%) um óákveðinn tíma.

12. október 2016 breytti Alþingi lögnum, sem losa um fjármagnshöft, þannig að innlendir aðilar geta nú á nýjan leik flutt íslenskar krónur milli landa. Það er í fyrsta skipti sem slíkt er mögulegt síðan takmarkanir á fjármagnshreyfingum voru samþykktar árið 2008. Á meðan lögin auka frelsi til fjármagnshreyfinga fyrir innlenda aðila, þá kemur einnig skýrt fram í lögnum að þetta eigi ekki við um erlenda aðila.

Hér er um klára mismunun á fjárfestum að ræða á grundvelli ríkisfangs og er samkvæmt færustu sérfræðingum í trássi við alþjóðalög og reglur EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns – þar á meðal 4., 40. og 41. gr. sem fjalla um mismunun á grundvelli ríkisfangs (4. gr.), höft á flutningum fjármagns (40. gr.), sem og að gengar greiðslur í tengslum við þjónustustarfsemi, vöruflutninga, fólksflutninga eða fjármagnsflutninga milli samningsaðila innan ákvæða ramma samningsins skuli lausar við öll höft (41. gr.).

Á grundvelli þessa vil ég því beina eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórnar Íslands:

- Ætlar ríkisstjórn Íslands að fylgja alþjóðalögum og reglum EES-samningsins um frjálst flæði fjármagns – þar á meðal 4., 40. og

41. gr. í tengslum við lög um afnám gjaldeyrishafta sem voru samþykkt á Alþingi 12. október 2016?

- Hvernig ætlar ríkisstjórn Íslands að tryggja að mismunun á grundvelli ríkisfangs eigi sér ekki stað á grundvelli laganna sem samþykkt voru 12. október?

Kaupmannahöfn, 11. nóvember 2016

*Eva Kjer Hansen (V)*

Norðurlandaráð

**E 28/2016**

Fyrirspyrjandi:  
Eva Kjer Hansen (V)

Til:  
Ríkisstjórnar Íslands

Málsnúmer: 16-00323-1